

# Öflug naut úr 2010-árganginum

**Guðmundur Jóhannsson**  
 ábyrgðarmaður í  
 nautgriparækt  
 mundi@rml.is



Fagráð í nautgriparækt ákvað á fundi sínum þann 29. september sl. að setja sjö naut úr 2010-árganginum í notkun sem reynd naut til viðbótar þeim sem áður voru komin til notkunar. Þetta var gert á grunni þess að nú í september var keyrt nýtt kynbótamat fyrir afurðaeiginleika.

Þessi sjö naut eru Kústur 10061 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi, Lúður 10067 frá Brúnastöðum í Flóa, Sólon 10069 frá Bessastöðum á Heggstaðanesi, Dropi 10077 frá Fossi í Hrunamannahreppi, Neptúnus 10079 og Úranus 10081 frá Hvanneyri í Andakíl og Úlli 10089 frá Dæli í Fnjóskadal.

Þarna eru á ferðinni geysilega öflug naut sem sést best á heildareinkunn þeirra en sem dæmi standa bæði Dropi 10077 og Úranus 10081 með 115 sem skipar þeim í hóp allra hæstu nauta. Sem stendur er Bambi 08049 efstur með 119 í heildareinkunn og næstir koma Koli 06003 með 118 og Birtingur 05043 með 117. Dropi 10077 og Úranus 10081 koma næst á eftir þeim.

Nautsfeður næstu mánuði verða Strákur 10011, Lúður 10067, Dropi 10077, Úranus 10081 og Úlli 10089. Áfram eru menn beðnir um að tilkynna um kálfa undan Keip 07054, Bláma 07058, Gusti 09003, Bolta 09021 og Fossdal 10040.

Þau naut sem falla úr notkun eru Logi 06019, Rjómi 07017, Flekkur 08029, Gói 08037, Gæi 09047, Ferill 09070, Dráttur 09081 og Drangi 10031. Þessi naut falla út af ýmsum ástæðum en flest þó vegna lítillar notkunar. Logi 06019 telst vera fullnotaður enda búinn að vera mjög lengi í notkun, sæði úr Flekk er nánast uppuríð og Ferill er tekinn úr notkun vegna lágs fanghlutfalls.

Rétt er að líta aðeins nánar á þau naut sem koma ný til notkunar nú en þarna eru eins og áður sagði á ferðinni öflug naut.



**Kústur 10061** er frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi, faðir er Gyllir 03007 og móðir Litla-Skessa 322 Tópásdóttir 03027.

Dætur Kústs eru mjólkurlagnar með fremur há hlutföll verðefna í mjólk. Þetta eru fremur stórar kýr, í góðu meðallagi háfættar, boldjúpar en útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru frekar grannar, beinar en þaklaga. Fótstaða er bein og sterkleg en aðeins hallandi um kjúkur. Júgurgerðin er mjög góð, júgurband mikil, júgurband áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel

### NAUT 2016 - Reynd naut Nautastöðvar BÍ sem fyrirhugað er að nota sæði úr haustið 2016

	Nafn og nr.	Faðir	Móðir, uppruni og móðurfaðir	Mjólk	Fitu%	Prótein%	Alurðir	Frjósemi	Frumutala	Gæðaröð	Strokukur	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skap	Ending	Kynbótæinkunn	Hæð dætra
2007054	Keipur 07054	T Pollur 99008	679, Porvaldseyri, A-Eyjafjöllum Kaðall 94017	122	94	100	118	114	89	108	111	112	100	112	85	109	110	5,6
2007058	Blámi 07058	T Laski 00010	Doppa 122, Bláfeldi, Staðarsveit Punktur 94032	114	84	100	113	102	111	102	110	107	115	94	99	107	109	5,4
2008017	Blómi 08017*	Náttfari 00035	Sól 082, Heggstöðum, Andakíl Kaðall 94017	109	94	89	102	97	130	100	112	115	129	94	104	110	107	5,4
2008021	Þáttur 08021*	Laski 00010	Snúra 254, Berjanesi, V-Landeyjum Roði 96978	89	120	123	101	81	93	100	80	102	121	113	114	114	104	5,8
2009003	Gustur 09003	T Laski 00010	Rán 384, Hóli, Sæmundarhlíð Hersir 97033	96	106	116	104	108	107	99	97	109	101	102	116	108	106	5,6
2009021	Bolti 09021	T Spotti 01028	Skinna 192, Birtingaholti 4, Hrunamannah. Snotri 01027	119	92	104	119	75	87	115	111	110	102	112	97	98	107	6,6
2010011	Strákur 10011*	★ Pontius 02028	Hvönn 161, Naustum, Eyrarsveit Kaðall 94017	123	102	90	115	106	89	114	94	104	100	117	96	97	107	5,8
2010040	Fossdal 10040*	T Glæðir 02001	Fossa 476, Merkigili, Eyjafirði Hamar 94009	114	88	104	114	94	114	84	98	132	98	93	106	110	110	5,8
2010061	Kústur 10061	Gyllir 03007	Litla-Skessa 322, Birtingaholti 4, Hrunam.hr. Tópás 03027	116	106	108	117	96	109	82	100	110	106	99	83	96	107	5,3
2010067	Lúður 10067*	★ Gyllir 03007	Flauta 343, Brúnastöðum, Flóa Ófeigur 02016	112	98	126	122	94	99	111	100	120	100	117	100	98	112	5,6
2010069	Sólon 10069	Ás 02048	Sólströnd 354, Bessastöðum, Heggstaðanesi Glanni 98026	115	104	117	120	92	90	81	100	107	110	104	88	99	108	5,8
2010077	Dropi 10077*	★ Glæðir 02001	Sletta 349, Fossi, Hrunamannah. Stígur 97010	114	83	117	119	115	113	98	99	134	99	106	108	106	115	5,9
2010079	Neptúnus 10079	Flói 02029	Sokka 219, Hvanneyri, Andakíl Hegri 03014	105	107	116	112	99	86	92	102	113	109	113	96	95	106	5,5
2010081	Úranus 10081	★ Sírius 02032	Laski 00010 Bót 237, Núpstúni, Hrunamannahreppi Stóðull 05001	130	87	100	124	106	87	138	105	117	100	134	115	100	115	6,1
2010086	Bætir 10086*	Sírius 02032	Rán 476, Dæli, Fnjóskadal Hryggur 05008	99	107	101	99	102	96	102	108	117	100	112	129	103	104	5,5
2010089	Úlli 10089*	★ Ófeigur 02016	Rán 476, Dæli, Fnjóskadal Hryggur 05008	119	101	120	124	117	103	109	102	110	98	107	101	94	113	6,3

**Skýringar:**  
 ★ Nautsfaðir T: Tilkynna nautkálfa \* Getur gefið hrynd afkvæmi  
 Kynbótæinkunn = 0,44\*afurðir + 0,08\*mjaltir + 0,08\*frumutala + 0,08\*júgur + 0,08\*ending + 0,08\*spenar + 0,08\*frjósemi + 0,08\*skap  
 Afurðir = 0,85\*magn mjólkurpróteins + 0,15\*prótein%

gerðir, hæfilega grannir og stuttir og ákaflega vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og lítið er um galla í mjóltum. Skap þessara kúa er nokkuð mikið.



**Lúður 10067** er frá Brúnastöðum í Flóa, faðir er Gyllir 03007 og móðir Flauta 343 Ófeigsdóttir 02016.

Dætur Lúðurs eru mjólkurlagnar, fituhlutfall í mjólk er um meðallag en próteinhlutfall gríðarhátt. Þetta eru fremur stórar kýr, nokkuð háfættar, boldjúpar með miklar útlögur en nokkuð veika yfirlínu. Malirnar eru fremur breiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband mjög mikil, júgurband mjög áberandi og júgrin ákaflega vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og ákaflega vel settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og lítið er um galla í mjóltum. Skap þessara kúa er um meðallag.

**Sólon 10069** er Bessastöðum á Heggstaðanesi, faðir er Ás 02048 og móðir Sólströnd 254 Glannadóttir 98026.



Dætur Sólons eru mjólkurlagnar, fituhlutfall í mjólk er í góðu meðallagi og próteinhlutfall hátt. Þetta eru ágætlega stórar kýr, háfættar, prýðilega boldjúpar með ágætar útlögur og fremur beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er mjög góð, bein, rétt og sterkleg. Júgurgerðin er góð, júgurband í góðu meðallagi, júgurband nokkuð áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og vel settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og lítið er um galla í mjóltum. Skap þessara kúa er nokkuð.



**Dropi 10077** er frá Fossi í Hrunamannahreppi, faðir er Glæðir 02001 og móðir Sletta 349 Stígadóttir 97010.

Dætur Dropa eru mjólkurlagnar, fituhlutfall í mjólk er nokkuð undir meðallagi en próteinhlutfall er hátt. Þetta eru meðalstórar kýr, háfættar, fremur bolgrunnar með litlar útlögur og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru tæplega meðalbreiðar, nokkuð beinar en þaklaga. Fótstaða er mjög góð, bein, rétt og sterkleg. Júgurgerðin er frábær, mikil júgurband, mjög áberandi júgurband og júgrin sérstaklega vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og vel settir. Mjaltir eru góðar og mjög lítið er um galla í mjóltum. Skap þessara kúa er gott.

**Neptúnus 10079** er frá Hvanneyri í Andakíl, faðir er Flói 02029 og móðir Sokka 219 Hegradóttir 03014.

Dætur Neptúnusar eru prýðilega mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru há. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, fremur háfættar, boldjúpar með góðar útlögur og beina yfirlínu.



Malirnar eru breiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er mjög góð, bein, rétt og sterkleg. Júgurgerðin er öflug, góð júgurband, áberandi júgurband og júgrin mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og vel settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og mjög lítið er um galla í mjóltum. Skap þessara kúa er um meðallag.



**Úranus 10081** er frá Hvanneyri í Andakíl, faðir er Sírius 02032 og móðir Urður 1229 Laskadóttir 00010.

Dætur Úranusar eru gríðarlega mjólkurlagnar en fituhlutfall í mjólk er undir meðallagi en próteinhlutfall liggur nærri því. Þetta eru stórar kýr, háfættar, boldjúpar með miklar útlögur en aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, eilítið hallandi og nokkuð flatar. Fótstaða er góð, bein, rétt og sterkleg. Júgurgerðin er öflug, mikil júgurband, áberandi júgurband og júgrin ákaflega vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir en örlítið gleitir. Mjaltir eru frábærar og mjög lítið er um galla í mjóltum. Skap þessara kúa er mjög gott.



**Úlli 10089** er frá Dæli í Fnjóskadal, faðir er Ófeigur 02016 og móðir Rán 476 Hryggadóttir 05008.

Dætur Úlla eru ákaflega mjólkurlagnar með hátt próteinhlutfall í

mjólk og fituhlutfall nærri meðallagi. Þetta eru stórar og mjög háfættar kýr, boldýpt í meðallagi, útlögur fremur litlar en yfirlína nokkuð bein. Malirnar eru fremur grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er bein og sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er mjög góð, júgurband í góðu meðallagi, júgurband mjög áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru góðar og lítið er um galla í mjóltum. Skap þessara kúa er um meðallagi.

Þessi naut eru sett í notkun með algjöran lágmarksfjölda dætra með afurðaupplýsingar í nokkrum tilvikum. Það er því ljóst að afurðamat þeirra getur tekið breytingum við næstu keyrslur á kynbótamati. Hins vegar er staða þeirra hvað þá þætti varðar mjög sterk þannig að fagræð taldi óhætt að setja þau í notkun og endurnýja þannig hóp reyndra nauta allverulega.

Segja má að afkvæmadómi 2010-árgangsins sé að mestu lokið. Á þessum tímum er aðeins tvö naut sem ekki eru komin með tilskilinn dætrafjölda með afurðaupplýsingar. Góðar líkur eru á að annað þeirra muni koma til notkunar en tvísýnna með hitt.

Þau reyndu naut sem áfram verða í notkun standa öll vel við fyrri dóm. Þetta eru Keipur 07054, Blámi 07058, Blómi 08017, Þáttur 08021, Gustur 09003, Bolti 09021, Strákur 10011, Fossdal 10040 og Bætir 10086. Helstu breytingar sem urðu á afurðamati þeirra eru þær að; Blómi 08017 lækkaði aðeins hvað mjólkurmagn varðar, og lækkaði þess vegna um eitt stig í heildareinkunn, Þáttur 08021 hækkaði aðeins fyrir afurðir en stendur í stað í heildareinkunn, Bolti 09021 hækkaði aðeins í prótein% og þess vegna um eitt stig í heildareinkunn, Fossdal 10040 lækkaði fyrir afurðir og um tvö stig í heildareinkunn og Bætir 10086 lækkaði nokkuð fyrir afurðir og um þrjú stig í heildareinkunn. Þessi naut standa eftir sem áður með sterkan afkvæmadóm og verða áfram í notkun.

Kynbótamat verður keyrt næst í nóvember að loknu október-uppgjöri. Ég vil því biðja menn að hraða skýrsluskilum fyrir október eins og mögulegt er, ná fullum skilum og skila mjaltaathugun sem keyrð var nú í september. Þannig náum við sem mestum upplýsingum með í næstu keyrslu.

**Bændablaðið**  
 21% FÓLKS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU LES BÆNDABLAÐIÐ  
 HEIMILD: PRENTMIKLAKÖNNUN CAPACENT, KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2013.  
 BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 31 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.  
**HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?**